

EFTIRLITSSKÝRSLA

SORPA Álfsnesi Reykjavík



Dags eftirlits	6.11.2013	Fulltrúi UST	Sigrún Guðmundsdóttir
Fyrirtæki	SORPA Álfsnesi	Fulltrúi UST	Sigríður Kristjánsdóttir
Heimili	Gufunes	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5105881189	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Bjarni Gnýr Hjarðar	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis	Guðmar F. Guðmundsson	Staðsetning	366624,722 412355,277

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik voru skráð við eftirlit. Athugasemdir eru gerðar við að á svæði undir gler voru tveir litlir haugar af sjónvarpsframglerjum, óskar stofnunin eftir staðfestingu frá rekstraraðila um að ekki sé um hættulega íhluti úr raftækjum að ræða, t.d. útskolunarpróf. Þá er gerð athugasemd við fokefni sem voru nokkur á urðunarsvæðinu í Álfsnesi.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitsheimsókn hófst á fundi með Bjarna G.P.Hjarðar, Ásbirni Einarssyni, Sigríði Kristjánsdóttur Guðmari F. Guðmundssyni Sigrúnu Guðmundsdóttur og Nicolas Proietti. Farið var yfir mál í deiglu, síðustu eftirlitsskýrslu, nokkur mál er varða starfsleyfisgerð, m.a. botnþéttingar og heppilega tilhögun eftirlits hvað þær snertir, kvartanir vegna ólyktar í íbúabyggð næst urðunarstaðnum og viðbrögð Sorpu við þeim. Þá var rætt um skráningar og nauðsynleg gögn sem tryggja rekjanleika og að úrgangur fari í réttan farveg. Nauðsynlegt er að sannreyna að úrgangur sem berst, sé tækur til urðunar en vísað frá ella. Ásbjörn ræddi síðustu sigvatnsmælingar og afhenti niðurstöður þeirra. Farið verður yfir sigvatnsmælingar 2013 í næsta eftirliti. Að síðustu var athafnasvæði SORPU í Álfsnesi skoðað, þ.á.m. ný aðstaða við vigt, Gýmir (móttaka seyru ofl.), urðunarreinar 7 og 8, gassófnunarstöð og svæði undir gler og steinefni.

ATHUGASEMDIR

Talsvert var af fokefnum á nokkrum svæðum í Álfsnesi, enda búið að vera stórviðrasamt. Rekstraraðili kvaðst hreinsa þau upp um leið og færi gæfist.

Á svæði undir gler voru tveir litlir haugar af sjónvarpsframglerjum. Þar sem um er að ræða íhluti frá raf- og rafeindabúnaði sem gæti innihaldið hættuleg efni óskar stofnunin eftir staðfestingu frá rekstraraðila að svo sé ekki.

ANNAÐ

Nýtt starfsleyfi rekstraraðila er langt komið. Gildistími eldra starfsleyfis er runninn út en urðunarstaðurinn er sem stendur rekinn á undanþágu frá Umhverfisstofnun. Undanþágan gildir til 1.3.2014

Reykjavík, 26.11.2013

Sigrún Guðmundsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.